



Fundargerð	
Yfirskrift / efni:	8. fundur stjórnar KLÍ 2021-2022
Staðsetning:	Netfundur
Hvenær:	8. desember 2021 kl. 20.00
Þátttakendur:	Jóhann Ágúst Jóhannsson (JÁJ) Formaður Hörður I Jóhannsson (HIJ) Varamaður Einar Jóel Ingólfsson (EJI) Gjaldkeri Þórarinn Már Þorbjörnsson (ÞMP) Framkvæmdarstjóri Svavar Þór Einarsson (SPE) Varamaður Helga Hákonardóttir (HH) Varamaður Geirdís Hanna Kristjánsdóttir (GHK) Ritari Skúli Freyr Sigurðsson (SFS) Meðstjórnandi Hafþór Harðarson (HH) Varaformaður
Boðuð forföll:	
Fjarverandi:	
Fundarritari:	GHK

Fundargerð

- Engar athugasemdir.

Framkvæmda- og Íþróttastjóri

- Rætt um stöðu mála. IBF mót lokið í Dubai, verið að gera upp ferðir. Komandi verkefni eru EM karla og kvenna strax á nýju ári. Fengum boð frá Katar með ungmennamót sem var samþykkt að reyna að fara á. Umsókn til Afrekssjóðs ÍSÍ 2022 komin inn, fundur á morgun.

Gjaldkeri

- Hefur verið í vandræðum með að ná í bókarann. HIJ ætlar að hafa sambandi við bókarann. Ferðir framundan sem eru greiddar úr afrekssjóði komu til umræðu.

Venslasamningur

- 12. grein

Gildi venslasamninga á Íslandsmóti liða

Venslasamningur gildir í Íslandsmóti liða skv. eftirfarandi ákvæðum.

Allir leikmenn beggja liða eiga rétt á því að spila 9 leiki með gagnstæðu liði án takmarkana.

Þegar leikmaður hefur spilað 9 leiki með gagnstæðu liði er honum óheimilt að leika með báðum liðum í sömu leikviku. Hafi leikmaður leikið með sínu liði fyrr í leikvikunni telst hann ólöglegur leikmaður í öllum leikjum umfram 9 leiki með gagnstæðu liði í þeirri leikviku.

Leikvika hefst á laugardegi og endar á föstudegi. Frestaðir leikir skulu teljast til þeirrar leikviku sem þeir eru leiknir í.

- Stjórn þarf að komast á sama stað um túlkun venslasamningsins svo hægt sé að gefa út á skýran og óvæfengjanlegan hátt hvernig hann virkar.
- Hvernig á að taka á því ef brotið er á þessari reglugerð?

- JÁJ ætlar að setja saman frétt og senda á stjórn til yfirlestrar sem gefur þá grænt ljós eða gerir athugasemdir við hana.

Keilarar ársins

- Festum umræðu um karlkeilara þar til í lok fundar þar sem HIJ og HH þurfa að yfirgefa fundinn vegna hæfis.
- Fórum yfir stöðuna um keilara ársins.
- Listar sem farið er eftir við val keilara ársins ræddir og möguleiki á að uppfæra þá.

Önnur mál

- HJI náði í bókarann og hann ætlar að skoða málið.
- Yfirvigtarmál vegna ferðarinnar til Dubai. Verður komið til móts við fólk vegna yfirvigtar í keppnisferða erlendis.
Þarf ekki að skoða hvort það er rúm hjá sjóðnum til að auka fjárframlög vegna ferða til að koma til móts við hátt gjald vegna farangurs.
Gera þarf greiningu á því hvað er verið að gera og hversu mikið rúm er til að gera meira. Styrkurinn er nú 83,500. ÞMP leggur til að styrkurinn fari í 108,000 eða 25,000 króna hækkun.
Gjaldkeri segir að fjármagn sé til staðar því er hækkunin samþykkt af stjórn.
- HH spyr um tilnefningu til keilara ársins í Mosfellsbæ. ÞMP lætur hana vita hvaða keilarar eru búsettir í Mosfellsbæ.

Fundi slitið kl.22.14